

Fundargerð 255. stjórnarfundar LAFÍ 5.12.2017

Staður: Síðumúli 28, ÍSMAR

Mættir: Jón Sigurjónsson (JS), Þórir Guðmundsson (ÞG), Birgir Hólm Ólafsson (BHÓ), Kristján Ottósson (KO), Högni Hróarsson (HH)

Forföll: Kjartan Már Eiríksson (KME), Sigurður G. Símonarson (SGS) og Hreggviður Á. Sigurðsson (HÁS)

Dagskrá:

1. JS setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar frá 9.10.2017 var lögð fram og samþykkt.
3. Fréttabréf nr. 131 er komið út og er aðgengilegt á vef LAFÍ.
4. Byggingarreglugerð, hvað þýðir frágangur á samvirkni tækja, og hver á að sjá um þann þátt. Skoðuð voru lauslega stoðrit skoðunarlista skoðunarhandbókar byggingarreglugerðar um áfangauttektir og lokaúttekt á vef Mannvirkjastofnunar. Ákveðið að fela fagráðum að rýna þessa lista fyrir hönd LAFÍ. KO sendir á fagráðin.
5. KO tilkynnir að hann muni hætta sem starfandi framkvæmdastjóri LAFÍ frá og með næstu áramótum. Hann mun þó auðvitað starfa áfram innan félagsins og veita því holl ráð til framtíðar.
6. Þórður Ólafur Búason, sem er félagsmönnum LAFÍ að góðu kunnur, er tilnefndur sem nýr framkvæmdarstjóri LAFÍ þegar núverandi framkvæmdastjóri lætur af störfum.
7. Viðurkenningarnefnd. 4 hús hafa verið tilnefnd til skoðunar. Tilnefningar um fleiri hús eru velkomnar. Í viðurkenningarnefnd eru Þórður Búason formaður, Kristján Nielsen, Ólafur Bjarnason og Hilmar Hjartarson.

Fundi slitið 17:30. Fundarritari var HH